



Íþróttá- og knattspyrnuskóli KF 2016



Kæru foreldrar barna fædd árið 2008-2012.

Íþróttá- og knattspyrnuskóli mun vera með svipuðu sniði og síðastliðið sumar. Í grunninn mun skólinn vera þannig að hann hefst kl 13:00 alla virka daga vikunnar og lýkur kl 15:45 (leiðbeinendur munu þó vera til kl 16:00 eða uns börn eru sótt).

Skólinn er tvískiptur, annars vegar íþróttá- og hins vegar knattspyrnuskóli. Í íþróttahlutanum er kröftugt, fjölbreytt og skemmtilegt starf frá 13:00-15:45 alla daga vikunnar. Í knattspyrnuhlutanum eru fjölbreyttar og skemmtilegar knattspyrnuæfingar frá 13:00-14:30 mánudaga til fimmtudaga. Eftir að knattspyrnuhlutanum lýkur (kl 14:30) og á föstudögum er íþróttaskóli. Sumir vilja meiri knattspyrnu og munu fá það áfram í íþróttaskólann.

Skólinn byrjar mánudaginn 13.júní og lýkur fimmtudaginn 28.júlí (17.júní er frídagur).

Knattspyrnuæfingar verða áfram í ágúst og verður það auglýst þegar nær dregur.

Starfsmenn eru Örn Elí Gunnlaugsson, Vaka Rán Þórisdóttir ásamt aðstoðarfólki. Skólinn er á Ólafsfirði á mánudögum og miðvikudögum en á Siglufirði á þriðjudögum og fimmtudögum. Föstudagar eru til skiptis (Ólafsfirði 24.júní, 8. og 22.júlí en Siglufirði 1. og 15.júlí). Mæting er að Hóli á Siglufirði en við Vallarhúsið á Ólafsfirði nema annað sé tekið fram. Rútuþlanið er neðst en í rúttunni er ávallt starfsmaður úr skólanum eða frá félaginu.

Börn fædd 2012 eru velkomin í skólann en sérstök athygli er vakin á því að börn í þessum árgangi geta eingöngu sótt skólann í sínum byggðarkjarna. Félagið þykir ekki tímabært að svo ungir iðkendur fari í rútu á milli byggðarkjarnanna.

Facebooksíða skólans er: Íþróttá- og knattspyrnuskóli KF 2016

Upplýsingar um skipulag vikunnar munu verða settar inn á síðuna ásamt öðrum upplýsingum en skipulagið er m.a. unnið út frá veðurspá og þannig vita foreldrar hvað krakkarnir eru að fara að gera og hvernig fatnað eða annað sem þau þurfa að hafa með sér.

KF vill ítreka að foreldrar þurfa að senda krakkana með hollt og gott nesti.

Verðskrá (2012 árgangurinn greiðir hálf gald):

- Allt sumarið (7 vikur): 25.000.-
- Vikugjald: 4.000.-

Skráning er á kf@kfbolti.is þar sem koma þarf fram; hversu langan tíma barnið ætlar að sækja skólann, nafn, netfang og GSM foreldra og nafn og kennitala barns. Einnig aðrar upplýsingar sem foreldrum finnst vert að umsjónarmaður hafi vitneskju um. Félagið býðir upp á að sækja leikskólabörn í leikskólana á meðan þeir eru starfandi. Ef það eru einhverjar spurningar þá endilega hafið samband í síma 894-8163 (Örn Elí).

Vonumst til að sjá sem flesta krakka í flottum og vel skipulögðum íþróttá- og knattspyrnuskóla KF sumarið 2016.

Með kærri kveðju, barna- og unglingaráð KF

Rútuáætlun:

Mánudagur, miðvikudagur og föstudagur (24.júní, 08. og 22.júlí)

12:45 Frá Neðra skólahúsi á Siglufirði til Vallarhúsins á Ólafsfirði

15:45 Frá Vallarhúsinu á Ólafsfirði til Neðra skólahúss á Siglufirði

Þriðjudagur, fimmtudagur og föstudagur (01. og 15.júlí)

12:45 Frá Vallarhúsinu á Ólafsfirði til Hóls

16:00 Frá Hóli til Vallarhúsins á Ólafsfirði